

Mánudaginn 19. desember 1977.

Nr. 165/1975. **Guðlaugur Sveinsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h.

borgarsjóðs

(Magnús Óskarsson hrl.)

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

Ólafi Ingibjörnssyni

(Sveinn Snorrason hrl.).

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. nóvember 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Hann krefst þess, að allir stefndu verði dæmdir til þess að greiða sér óskipt 2.838.415 krónur með 7% ársvöxtum frá 4. ágúst 1968 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann hafði gjafsókn í héraði og fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með gjafsóknarleyfi 29. október 1975.

Stefndu krefjast hver fyrir sig staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti er því eigi haldið fram af hendi áfrýjanda, að það varði stefnda borgarsjóð Reykjavíkur skaðabótaábyrgð, þó að talið yrði, að stefnda Ólafi hefðu orðið á mistök, er hann vitjaði áfrýjanda í fangageymsluna í Síðumúla. Enn fremur er af áfrýjanda hendi lýst yfir því, að hann reisi eigi kröfur sínar fyrir Hæstarétti á hendur ríkissjóði að neinu leyti á vanrækslu eða mistökum af hendi lækna á

Kleppsspítala eða annarra starfsmanna ríkisins á sviði heilbrigðismála. Loks heldur áfrýjandi því ekki fram, að neinum mistökum sé til að dreifa af hendi lögreglumanna, er komu að áfrýjanda slösuðum á Bergstaðastræti 17 B eða áttu hlut að flutningi hans af slysavarðstofu Borgarspítalans í fangageymsluna í Síðumúla. Hins vegar heldur áfrýjandi því fram í málflutningi fyrir Hæstarétti, að lögreglumenn hafi flutt hann frá fangageymslunni í Síðumúla í Kleppsspítala og hafi þeir ekki gætt nægrar varfærni í meðferð áfrýjanda, eins og meiðslum hans reyndist vera háttað.

Síðastgreindu hefur verið andmælt af hálfu stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs sem ósönnuðu og auk þess sem nýrri málsástæðu, er ekki verði höfð uppi fyrir Hæstarétti., shr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Fyrir Hæstarétti er komið fram, að dómsmálaráðuneyti, sem fer með lögreglumál og fangelsismál samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 96/1969, hafi fylgst með framvindu málsóknar þessarar á hendur ríkissjóði, sem reist er á því, að lögreglumönnum og fangavörðum hafi orðið á slík mistök og vanræksla í starfi, að bótaábyrgð verði fyrir ríkissjóð.

Ranghermt er í héraðsdómi, að Guðmundur Kristjánsson hafi beiðst aðstoðar lögreglu til að fjarlægja áfrýjanda af heimili sínu á Bergstaðastræti 17 B um kl. 5 að morgni sunnudags 4. ágúst 1968. Hið rétta er, að samkvæmt lögregluskýrslu gerðist þetta kl. 0050 þann dag.

Fyrir Hæstarétti hafa af hálfu áfrýjanda verið bornar brögður á, að niðurstöður Læknaráðs í ályktun þess hinn 28. febrúar 1971, sem greind er í héraðsdómi, fái staðist. Telur áfrýjandi það ekki samræmast gögnum máls, er segi í 1. tl. ályktunarinnar, að hann hafi verið svo ölvaður, er hann var í höndum lækna á slysavarðstofu og í fangageymslunni í Síðumúla, að ekki hafi verið unnt að framkvæma fullnægjandi neurologíska læknisskoðun á honum. Enn fremur heldur hann því fram, að ekkert verði byggt á svari Læknaráðs í 2. tl. ályktunar þess, þar sem það svar sé reist á þeim miskilningi, að ekki hafi verið um að ræða brot á hryggjarliðum áfrýjanda. Ororkumat Páls Sigurðssonar læknis sýni, að

þetta sé ekki rétt, en þar segi um sjúkdómsgreiningu handlæknisdeildar Landspítalans hinn 4. ágúst 1968, að hún hafi verið „fractura columnae cervicalis C V cum tetraphlegia“.

Vottorð handlæknisdeildar Landspítalans um rannsókn á meiðslum áfrýjanda er ekki meðal gagna máls. Í málinu liggur hins vegar fyrir vottorð taugasjúkdómadeildar Landspítalans, dags. 12. september 1969 og undirritað af Kjartani R. Guðmundssyni yfirlækni, en þangað var áfrýjandi fluttur af handlæknisdeild 6. ágúst 1968. Í vottorði þessu segir m. a. svo: „Rtg.mynd af columnae cervicalis sýndi fyrst grun um fractura, en síðan leiddi í ljós, að svo var ekki, og planigráfi á col. cervicalis var eðl. Mænuvökvi var tær og litarlaus undir eðlil. þrýstingi. Frumur voru 2/3 og protein 25 mg%. Við pantapaque myelografi kom í ljós fyrirferðaraukning á mjúkum pörtum í col. cervicalis, og var haldið, að um væri að ræða discus prolaps, og var sj. því sendur til Khafnar til frekari rannsóknar, svo sem loftmyelografi, en hún reyndist vera eðl.“

Niðurstaða: Sj. hefur fengið mar á hálsmænu, og er vafasamt, hvort hann muni ná sér frekar en orðið er.“

Í læknabréfi ríkisspítalans danska til Jóns Nikulássonar læknis, dags. 15. febrúar 1969, en þar var áfrýjandi til rannsóknar frá 5. febrúar 1969 til 15. s. m., segir m. a. svo: „Afdelingens diagnose: Concussio medullae spinalis cervicalis.“

Áfrýjandi, sem ekki hefur lagt nein ný læknisgögn fyrir Hæstarétt, hefur eigi leitt rök að þeim staðhæfingum sínum, að svar Læknaráðs í 2. tl. í ályktun þess sé reist á misskilningi ráðsins á efni læknisfræðilegra gagna máls um meiðsl áfrýjanda. Verður því lagt til grundvallar dómi í málinu það álit Læknaráðs, að hin varanlega örorka áfrýjanda verði ekki rakin til tafar á því, að hann fengi viðeigandi læknismeðferð. Samkvæmt þessu stafar örorka áfrýjanda hvorki af því, að læknar slysavarðstofu Borgarspítalans hlutuðust til um, að hann var fluttur um stundarsakir af slysavarðstofu í fangageymslu í Síðumúla, né heldur af því, að stefndi Ólafur hafi eigi tafarlaust annast um, að fram færi nánari rannsókn á meiðslum áfrýjanda, er hann vitjaði hans í fangageymsluna.

Ber þegar af þessari ástæðu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er varðar stefnda borgarstjóranum í Reykjavík vegna borgarsjóðs og stefnda Ólafs. Þá ber og að fallast á það með héraðsdómi, að ekkert sé komið fram í málinu um, að áfrýjandi hafi á neinn hátt sætt óforsvaranlegri meðferð af hendi þeirra lögreglumanna eða fangavarða, sem afskipti höfðu af honum í umrætt sinn. Verður héraðsdómur því einnig staðfestur að því er varðar stefnda ríkissjóð.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað er staðfest.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, og er hann ákveðinn 75.000 krónur til hvers þeirra.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, 180.000 krónur.

Það athugast, að svo virðist sem héraðsdómur hafi af sjálfsdáðum aflað sakavottorðs áfrýjanda til framlagningar í dómi.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðlaugur Sveinsson, greiði stefndu borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Ólafi Ingibjörnssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 75.000 krónur til hvers þeirra.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Hilmar Ingimundarsonar hestaréttarlögmanns, 180.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. febrúar sl., hefur Guðlaugur Sveinsson matsveinn, Reykjalundi, Mosfellssveit, höfðað

fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 15. og 19. desember 1972, á hendur Ólafi Ingibjörnssyni lækni, Háteigsvegi 12, Birgi Ísleifi Gunnarssyni borgarstjóra f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur og Halldóri E. Sigurðssyni fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs Íslands, öllum í Reykjavík.

Kröfur stefnanda í málinu eru nú þær, að framangreindir aðiljar verði dæmdir til að greiða honum in solidum skaðabætur að fjárhæð kr. 2.838.415 með 7% ársvöxtum frá 4. ágúst 1968 til 15. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi hefur með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 5. október 1972, fengið gjafsókn í málinu.

Hinir stefndu hafa hver fyrir sig krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans að skaðlausu eða samkvæmt mati dómsins.

Tildrög málsins eru þau, að stefnandi var matsveinn á báti frá Reykjavík sumarið 1968. Að sögn hans kom báturinn til hafnar í Reykjavík föstudaginn 2. ágúst. Var stefnandi við áfengisdrykkju þann dag og hinn næsta. Stefnandi taldi sig eiga frakka inni í húsinu nr. 17 B við Bergstaðastræti, og hugðist hann nálgast hann undir miðnætti laugardaginn 3. ágúst. Er þangað kom, kveður hann engan hafa verið heima, og tók hann því það til bragðs að fara inn um glugga á 1. hæð hússins. Kvaðst hann hafa teygst sig upp í gluggann, vegið sig upp og ætlað sér að skreiðast þannig inn um hann, en þá hafi tekist svo illa til, að hann hafi stungist á höfuðið og lent á gólfi fyrir neðan gluggann, og var það 1½—2 metra fall. Kom húsráðandi, Guðmundur Kristjánsson, að stefnanda liggjandi á gólfinu.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík á dskj. nr. 7 kom nefndur Guðmundur Kristjánsson á lögreglustöðina í Pósthússtræti um kl. 5 að morgni (sic) sunnudags 4. ágúst og óskaði þess, að maður yrði fjarlægður af heimili sínu. Þeirri ósk var þegar sinnt, og fóru á vettvang með húsráðanda lögregluþjónarnir Úlfar Hermannsson, Sigurjón Pálsson og Óli Kristinn Björnsson. Er þeir komu á heimili Guðmundar, fundu þeir stefnanda liggjandi á gólfinu. Kvaðst hann vera máttlaus í öllum útlimum og hafa verið búinn að liggja þarna nokkra hríð, er húsráðandi kom heim. Lögregluþjónarnir kvöddu þegar sjúkrabífreið á staðinn, og flutti hún stefnanda á slyssavarðstofuna.

Um kl. 0140 átti Úlfar Hermannsson lögregluþjónn samtál við lækni á slysavarðstofunni og innti hann eftir líðan stefnanda. Tjáði læknirinn Úlfari, að frásögn stefnanda væri tómur upp-spuni, hann væri við bestu heilsu, en mjög áberandi ölvaður, og var þess óskað, að stefnandi yrði sóttur og færður í fangageymslu. Var þá stefnandi sóttur á slysavarðstofuna og fluttur í fanga-geymslu lögreglunnar við Síðumúla, þar sem honum var komið fyrir í fangaklefa. Þar vitjaði hans næsta morgun stefndi Ólafur Ingibjörnsson læknir, svo sem síðar verður rakið.

Upp úr hádegi nefndan sunnudag 4. ágúst var hringt til læknis á Kleppsspítala frá fangageymslunni og þess farið á leit, að spítal-inn tæki við stefnanda. Var þess getið, að stefnandi væri búinn að vera 8 klst. í fangageymslunni og segðist hann ekki geta hreyft sig. Gætu fangaverðir því ekki komið honum af höndum sér. Fyr-ir milligöngu borgarlæknis var stefnandi síðan fluttur í Klepps-spítala. Að lokinni skoðun þar var hann fluttur á handlæknisdeild Landspítalans til frekari meðferðar, þar sem hann dvaldist til 6. ágúst, en þann dag var hann fluttur í taugasjúkdómadeild spítal-ans. Af taugadeild var hann sendur til Kaupmannahafnar 5. fe-brúar 1969 til frekari rannsóknar. Kom hann aftur 15. s. m. Var hann síðan í taugadeild til 22. mars s. á., að hann var vistaður að Reykjalundi. Eftir það var hann á geðdeild Borgarspítalans og seinna á svokallaðri Flókadeild.

Rannsókn á slysi stefnanda, sú er að framan getur, fór fram í sakadómi Reykjavíkur. Hófst sú rannsókn 11. maí 1970 og var látið lokið 4. mars 1971. Er endurrit rannsóknarinnar á dskj. nr. 7. Skal hér rakið það helsta, sem fram kom við rannsókn þessa.

Stefnandi skýrði svo frá, að hann teldi sig ekki hafa drukkið mikið dagana 2. og 3. ágúst 1968 og hafi hann ekki verið mikið undir áhrifum áfengis, er hann varð fyrir umræddu slysi. Hann kvaðst hafa verið að drykkju með manni að nafni Guðmundur daginn áður. Hafi hann búið að Bergstaðastræti, en eigi kvaðst stefnandi muna húsnúmerið.

Kvaðst stefnandi hafa orðið viðskila við Guðmund og hafi er-indi sitt í áðurnefnt hús verið að heimsækja hann. Er hann kom þangað, hafi enginn verið heima. Gaf stefnandi þá skýringu á innbroti sínu í húsið, að hann hafi ætlað að sækja þangað frakka, er hann hafi haldið, að hann ætti þar. Hann kvaðst ekki muna, hvort gluggi sá var opin, er hann fór inn um, hvort hann braut rúðu í glugganum eða rúða brotnaði óvart. Það, sem síðar gerðist, muni hann óglöggt. Hann rámi þó í, að Guðmundur húsráðandi

hafi komið á vettvang. Næst muni hann lítilega eftir sjúkraliði og lögreglu. Hann kvaðst muna eftir að hafa séð hvíta sloppa á slyssavarðstofunni. Næst muni hann eftir sér í fangageymslunni, þegar læknir vitjaði hans þar. Hann kvaðst muna eftir sér skamma stund inni á Kleppi og síðan í Landspítalanum.

Úlfar Hermannsson lögregluþjónn, sem áður var vitnað til, kvað Guðmund Kristjánsson hafa verið lítilega undir áhrifum áfengis, er hann kom á lögregluvarðstofuna umrætt sinn. Hann segir, að erfitt hafi verið að dæma um ölvunarástand stefnanda, er hann kom að honum, en hann hafi þekkt stefnanda vegna fyrri afskipta af honum. Stefnandi hafi látið þess getið, að hann gæti ekki hreyft sig, og hafi hann beðið um vatn að drekka. Þeir lögregluþjónarnir hafi þegar kvatt til sjúkralið um talstöð bifreiðar sinnar. Þeir hafi síðan beðið hjá stefnanda án þess að hreyfa hann að öðru leyti en því, að þeir hagræddu höfði hans. Frekari afskipti kvaðst vitnið ekki hafa haft af stefnanda umrætt sinn.

Sigurjón Pálsson lögregluþjónn hefur skýrt svo frá fyrir sakadómi, að stefnandi hafi virst vera áberandi undir áhrifum áfengis umrætt sinn. Hafi hann kvartað yfir því, að hann væri máttlaus og gæti ekki hreyft sig. Vitnið man ekki til þess, að þeir lögregluþjónarnir hafi hreyft við stefnanda fyrr en þeir aðstoðuðu sjúkraliðsmenn, er þeir komu á vettvang.

Óli Kristinn Björnsson lögregluþjónn hefur skýrt svo frá, að hann minni, að stefnandi hafi tjáð lögregluþjónunum, er þeir komu á vettvang, að hann væri hryggbrotninn. Hafi hann borið sig mjög illa. Hann kvað þá félaga eigi hafa hreyft stefnanda, meðan beðið var eftir sjúkraliði. Þeir hafi þó hagrætt stefnanda, en hann hafi stöðugt kvartað yfir því, að hann gæti ekki hreyft sig. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort stefnandi var ölvaður. Skýrslan var tekin af vitninu, þegar liðið var töluvert á 3. ár frá atburðinum.

Haukur Kristjánsson, yfirlæknir á slyssavarðstofunni, hefur skýrt svo frá fyrir sakadómi, að Kristinn Jóhannsson læknir hafi tekið á móti stefnanda, er hann var fluttur í slyssavarðstofuna. Sá læknir hafi og látið flytja stefnanda í fangageymsluna. Veit yfirlæknirinn ekki til þess, að aðrir læknar hafi umrætt sinn haft afskipti af stefnanda á slyssavarðstofunni.

Samkvæmt vottorði slyssavarðstofu Borgarspítalans, dags. 27. júlí 1969, var stefnandi dauðadrukinn, er komið var með hann í slyssavarðstofuna umrætt sinn. Sjúkraliðsmenn skýrðu frá því, hvað fyrir stefnanda hafði komið, í samræmi við það, sem áður

er rakið. Við komu stefnanda í slysavarðstofuna var hann samkv. vottorði þessu hortugur og ölóður, fót hans skítug og rifin. Hann var hrufllaður vinstra megin á enni. Kvaðst hann vera máttlaus, en finna, ef við hann var komið. Skömmu eftir að hann var kominn, hafi hann beðið um vatnsglas. Hafi hann tekið við því og drukkið úr því hjálparlaust. Síðan segir í vottorðinu á þessa leið:

„ Við skoðun á slysadeild virtust hreyfingar eymslalausar og óhindraðar á hálsliðum, öndun, blóðþrýstingur og púls var eðlilegt. Snertiskyn og sinaviðbrögð virtust eðlileg. Fætur fékkst Guðlaugur ekki til að hreyfa samkvæmt skipun, en hreyfði handleggi.

Guðlaugur var á slysadeildinni í tvo klukkutíma í athugun, og þótti þá ekki fært að hafa hann þar lengur vegna ölæðis.

Hann var því sendur í fangageymsluna í Síðumúla til geymslu, þar til ölæðið rynni af honum.“

Loftur Kristjánsson fangavörður gaf skýrslu fyrir sakadómi 14. september 1970. Hann kvaðst oft hafa tekið á móti stefnanda ölvuðum og fært hann til fangaklefa. Hafi hann oft verið erfiður. Vitnið man ekki til þess, að stefnandi hafi kvartað um meiðsli við komur sínar í fangageymsluna. Vitnið man ekki sérstaklega um vistun stefnanda þar umrætt sinn.

Ólafur Ingibjörnsson læknir, meðstefndi í máli þessu, hefur skýrt svo frá fyrir sakadómi 4. mars 1971, að hann hafi leyst af á bæjarvakt Læknafélags Reykjavíkur sunnudagsmorguninn 4. ágúst 1968. Á tímabilinu milli kl. 10 og 12 hafi borist beiðni um vitjun í fangageymsluna við Síðumúla. Þar hafi verið fyrir stefnandi, legið á klefagólfi ofurölvi og ósamvinnuþýður. Hann hafi ekki svarað spurningum, heldur óskrað alls konar rugl út í bláinn. Skildist læknum, að stefnandi hefði dottið inn um kjallarglugga nóttina á undan og verið fluttur í fangageymsluna eftir viðtöku á slysavarðstofunni. Hafi stefnandi kvartað um máttleysi í útlimum. Sakir ölvunar og ósamvinnuhæfni hafi verið alls kostar fráleitt að framkvæma nokkra skoðun á honum, svo að gagni mætti verða. Hafi því það ráð verið tekið að gefa honum róandi sprautu, promazin, og láta þannig renna af honum ölvímuna, til þess að skoðun yrði möguleg, enda hafi verið ljóst, að öndun og hjartsláttur mannsins voru eðlileg, og því sýnt, að hann væri ekki í bráðri lífshættu. Læknirinn tekur fram, að við prófanir á höndum og fótum hafi fengist fram hreyfingar. Að þessu loknu hafi lögreglunni verið ráðlagt að leita læknis aftur, þegar áhrif sprautunnar hefðu virkað og sjúklingurinn orðinn rólegri.

Samkvæmt vottorði Kleppsspítala, dags. 10. sept. 1969, falaðist aðstoðarborgarlæknir eftir vistun stefnanda á Kleppsspítala um hálfri klukkustund eftir að fangavörður í Síðumúla hafði leitað eftir því, að sjúkrahúsið tæki við stefnanda. Um afskipti lækna af stefnanda í þessu sjúkrahúsi segir á þessa leið í vottorðinu:

„Við skoðun kom í ljós, að maðurinn virtist hafa flaccid lömun frá hálsi og niður úr. Útlimareflexar fengust ekki fram nema biceps á báðum handleggjum og patellar reflex á v. fæti, mjög daufur þó. Kviðreflexar voru upphafnir svo og cremaster. Sensibilitet virtist ekkert vera á ganglimum og upp á miðjan thorax né heldur hita-kulda- eða vibrationsskyn. Á efri hluta thorax fann hann þó fyrir nálastungum svo og á öxlum og út í handleggi. Ennfremur fann hann vibratio á þumalfingrum beggja handa og olecranon, þó betur vinstra megin. Ekki fannst honum þetta þó eðlilegar tilfinningar, lýsti þeim sem mjög annarlegum, en gat ekki nánar útskýrt, hvað hann ætti við.

Sjúklingur svitnaði töluvert í andliti og efst á truncus, en neðan við 6—7 intercostabil báðum megin virtist perspiration vera upphafin. Sjúklingur var fyllilega orienteraður á stað og stund og virtist minnugur alls, sem gerst hafði, að frádregnum þeim tíma, er hann lá meðvitundarlaus á gólfinu. Það var því nokkuð augljóst, að maðurinn var ekki að simulera, heldur hafði raunverulega lömun, hverjar sem orsakir hennar voru. Líklegast var, að hann hefði fractura columna cervicalis eða luxatio, þá sennilega við C-5 eða C-6 ásamt compressio á mænu. Til greina kom einnig hematoma, sem þrýsti á mænu ellegar svo kallað „spinal shock“.

Að lokinni skoðun hér, var Guðlaugur sendur á handlæknisdeild Landspítalans til frekari meðferðar.“

Stefnandi sundurliðar nú kröfur sínar sem hér segir:

1. Tímabundin og varanleg örorka	kr. 3.327.485
2. Þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum	— 800.000
	Kr. 4.127.485
Frá dregst verðmæti örorkulífeyris	— 1.289.070
	Kr. 2.838.415

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að borgarsjóður Reykjavíkur beri ábyrgð á athöfnum og hugsanlegri vanrækslu og vanþekkingu Kristins Jóhannssonar læknis, sem haft hafi afskipti af

stefnanda á slysadeild Borgarspítalans í umrætt sinn, og ekki verði séð, að yfirlæknirinn hafi haft neitt við að athuga. Þá hafi Ólafur Ingibjörnsson læknir ráðið því persónulega, að stefnandi hafi ekki fengið forsvaranlega lækni meðferð sunnudaginn 4. ágúst 1968, er hann samkvæmt beiðni vitjaði stefnanda í fangageymsluna í Síðumúla. Læknirinn hafi látið sér nægja að gefa stefnanda róandi sprautu, en horfið síðan á brott og ekki sinnt stefnanda eftir það. Kveðst stefnandi telja, að borgarsjóður Reykjavíkur beri einnig ábyrgð á störfum stefnda Ólafs Ingibjörnssonar læknis sem starfsmanns Borgarsjúkrahússins, þar eð öll mistök í starfi hans hljóti jafnframt að vera á ábyrgð borgarsjóðs.

Af hálfu stefnda Ólafs Ingibjörnssonar er sýknukrafa hans studd þeim rökum, að ekkert orsakasamband sé á milli örorku stefnanda og afskipta stefnda Ólafs af honum hinn 4. ágúst 1968. Stefnandi eigi sjálfur sök á þeim áverkum, sem hann hafi hlotið, og afleiðingum þeirra. Aðgerðir stefnda Ólafs hafi miðað að því að sefa stefnanda og gera hann rólegri og hæfan til rannsóknar. Þær hafi því beinlínis flýtt fyrir því, að unnt yrði að koma við læknisrannsókn, er að gagni yrði, til þess að unnt yrði að sannreyna um áverka og meiðsl og veita tiltækar lækningar.

Af hálfu stefnda borgarstjórans í Reykjavík vegna borgarsjóðs er sýknukrafa hans einnig studd þeim rökum, að ekkert bendi til orsakasamhengis milli þess, sem gerst hafi í slysadeildinni og þeirrar örorku, sem stefnandi sé talinn búa við. Megi benda á, að full ástæða sé til að ætla, að hin mikla óregla stefnanda, sem upplýst sé um í máli þessu, eigi sinn ríka þátt í örorku hans. Þá sé því algerlega mótmælt, að stefndi borgarstjórinn í Reykjavík vegna borgarsjóðs beri nokkra bótaábyrgð á störfum meðstefnda Ólafs Ingibjörnssonar, er hann hafi verið á svonefndri bæjarvakt Læknafélags Reykjavíkur hinn 4. ágúst 1968. Sú þjónusta sé sér með öllu óviðkomandi.

Af hálfu stefnda fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs er sýknukrafa hans studd þeim rökum, að löggæslumenn þeir, sem við mál þetta koma, hafi gegnt þar skyldustörfum sínum á óaðfinnanlegan hátt og sé það fjarri lagi, að þeir hafi á nokkurn hátt orðið offari í starfi gagnvart stefnanda, heldur hafi þeir rækt starfskyldur sínar, að því er stefnanda varðaði, af fyllstu tillitssemi og varúð. Sé því enginn grundvöllur fyrir ábyrgð stefnda fjármálaráðherra, vegna ríkissjóðs, á afskiptum löggæslumanna af stefnanda á umræddu tímabili. Þáttur þeirra í þessu máli sé algerlega óaðfinnanlegur.

Þá fari engum sögum af því í gögnum málsins, að stefnandi hafi ekki notið forsvaranlegrar meðferðar, er hann hafi verið fluttur í fangageymsluna í Síðumúla. Þangað hafi verið kvaddur læknir til að sinna kvörtunum hans þegar morguninn eftir og litlu seinna hafi fangaverðir leitað eftir því að koma honum á Kleppsspítala. Það hafi verið eðlileg ráðstöfun, eins og á hafi staðið, enda ekki í mörg hús að venda, þar sem í hlut hafi átt heimilislaus maður. Fangaverðir hafi ekki, fremur en lögregluþjónar þeir, sem hér komi við sögu, haft ástæðu til að ætla, að stefnandi væri meiddur, hvað þá alvarlega slasaður. Þeir hafi rækt sömu öryggisskyldur gagnvart stefnanda að því er það varðaði sem lögregluþjónarnir kvöldið áður.

Loks segir í rökstuðningi við sýknukröfu stefnda fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, að ljóst sé af gögnum málsins, að stefnandi hafi hlotið algerlega eðlilega og óaðfinnanlega fyrirgreiðslu á Kleppsspítala. Læknir sá, er þar hafi verið í fyrirsvari, er fanga-vörður hafi óskað vistunar stefnanda, hafi haft í frammi eðlileg vinnubrögð, er hann hafi fallist á þá málaleitun. Það hafi engan veginn verið ófyrirsynju að ætla, að stefnandi gæti átt erindi einmitt í þetta sjúkrahús. Fram komi í upphafi vottorðsins á dskj. nr. 9, að hann hafi dvalist í þessu sjúkrahúsi áður þetta sama sumar sem alkóhólisti og útskrifast þaðan 6. júní þá um sumarið. Samkvæmt þessu gildi alveg hið sama um lækni eða lækna Kleppsspítala og aðra þá starfsmenn, sem hér komi við sögu og gætu fallið undir húsbóndaábyrgð stefnda fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, að það verði ekkert fundið til áfellis þeim, starfs-skyldur hafi verið ræktar eðlilega og snurðulaust. Allan laga-grundvöll skorti því fyrir skaðabótaábyrgð stefnda fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs.

Í málinu liggur frammi örorkumat Páls Sigurðssonar læknis, dags. 14. okt. 1971, þar sem hann metur tímabundna og varanlega örorku stefnanda vegna umrædds slyss sem hér segir:

Í 2 ár 100% örorka og eftir það varanleg örorka 75%.

Stefnandi hefur fengið Þóri Bergsson tryggingafræðing til þess að reikna út örorkutjón sitt á grundvelli örorkumatsins, og liggja þrír slíkir útreikningar frammi í málinu, dskj. nr. 13 og 14, dags. 26. nóv. 1971 og 30. október 1972, og dskj. nr. 35, dags. 1. febrúar 1975, tveir hinir síðari endurútreikningar vegna breytts verðlags. Er hin endanlega dómkrafa stefnanda reist á niðurstöðutölum hins síðastnefnda, kr. 3.327.485, að frádregnum þegar greiddum örorkulífeyri, kr. 1.289.070, og kemur þannig út hin

endanlega dómkrafa, kr. 2.038.415 + kr. 800.000 miskabætur = kr. 2.838.415.

Með úrskurði, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 17. október 1973, var leitað álits Læknaráðs um eftirgreind atriði:

1. Hvort Læknaráð telji, að unnt hafi verið að framkvæma fullnægjandi læknisskoðun, þegar svo var ástatt um stefnanda vegna ölvunar, eins og fram er komið, að var, þegar skoðun fór fram 4. ágúst 1968?
2. Hvort Læknaráð telji, að orsök þeirrar örorku, er stefnandi býr við, verði rakin til þess, að honum var komið í fangaðeymslu um stundarsakir?
3. Álit Læknaráðs á greinargerð Kjartans R. Guðmundssonar á dómsskj. nr. 10, að því er tekur til afskipta slysadeildar af stefnanda við ofangreint tækifæri.

„Tillaga réttarmáladeildar um
Ályktun læknaráðs:

Læknaráð hefur komist að eftirfarandi niðurstöðu:

Ad 1: Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, telur læknaráð, að ekki hafi verið unnt að framkvæma fullnægjandi neurologiska skoðun á stefnanda, þegar svo var ástatt um hann vegna ölvunar, eins og fram er komið að var, þegar skoðun fór fram í Slysavarðstofu og fangaðeymslu í Síðumúla hinn 4. ágúst 1968. Hins vegar hefur svo mikið verið runnið af manninum, er hann var fluttur í Kleppsspítalann sama dag, að skoðun þar leiddi strax til ákveðinnar niðurstöðu um ástand hans.

Ad 2: Nei. Þar sem ekki var um að ræða brot á hryggjarliðum, brjós-klos né liðhlaup, verður ekki talið, að töf sú, sem varð á því, að stefnandi fengi viðeigandi meðferð, hafi valdið þeirri örorku, sem hann býr við.

Ad 3: Þar sem ekki er fyllilega ljóst, hvað við er átt, telur læknaráð sér ekki fært að svara þessari spurningu.“

Samkvæmt framanritaðri niðurstöðu Læknaráðs og áliti hinna sérfróðu meðdómenda verður ekkert það fundið að aðgerðum lækna þeirra, er fyrstir önnuðust stefnanda, eftir að hann varð fyrir umræddu slysi, sem bakað gæti þeim fébótaábyrgð. Verður því að sýkna stefndu Ólaf Ingibjörnsson og borgarstjórnann í Reykjavík vegna borgarsjóðs af öllum kröfum stefnanda í málinu. Hið sama gildir um Guðmund B. Guðmundsson, lækni á Kleppi, að áliti Læknaráðs og hinna sérfróðu meðdómenda. Og

að því er til löggæslumanna og fangavarðar tekur, hefur ekkert það komið fram í málinu, sem leiða eigi til fébótaábyrgðar á hendur þeim. Verður því einnig að sýkna fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Þegar litið er til málsatvika allra, þykir málssókn stefnanda ekki algerlega að ófyrirsynju gerð, og þykir því ekki næg ástæða til að dæma hann til að greiða stefndu borgarstjóranum í Reykjavík vegna borgarsjóðs og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs málskostnað, og verður hann því felldur niður gagnvart þeim.

Þáttur stefnda Ólafs Ingibjörnssonar þykir hins vegar hafa verið með þeim hætti, að rétt þykir að dæma stefnanda samkvæmt framangreindri niðurstöðu til að greiða honum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 70.000.

Málssóknarkostnaður stefnanda ákveðist kr. 142.200, er greiðist úr ríkissjóði. Þar af hljóti skipaður talsmaður hans, Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 110.000 í málssóknarlaun.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Lárusi Helgasyni, tauga- og geðlækni, og Páli Helgasyni, orku- og endurhæfingarlækni.

Dómsorð:

Stefndu, Ólafur Ingibjörnsson, borgarstjórinn í Reykjavík vegna borgarsjóðs og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Guðlaugs Sveinssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda Ólafi Ingibjörnssyni, kr. 70.000 í málskostnað, en málskostnaður fellur niður gagnvart öðrum stefndu, borgarstjóra Reykjavíkur vegna borgarsjóðs og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs.

Málskostnaður stefnanda, kr. 142.200, greiðist úr ríkissjóði. Þar af hljóti skipaður talsmaður hans, Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 110.000 í málssóknarlaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.